

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun á rotþróum í Sveitarfélaginu Hornafirði.

1. gr.

Fyrir hverja húseign innan marka Sveitarfélagsins Hornafjarðar með eigin fráveitu eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu sveitarfélagsins, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 5. gr. samþykktar nr. 758/2008 um fráveitur í Sveitarfélaginu Hornafirði. Ef fleiri en ein húseign er tengd rotþró skal þjónustugjaldi deilt með jöfnum hætti á fasteignir, nema ef sýnt er fram á aðra eignar-eða notkunarskiptingu á þrónni.

2. gr.

Þjónustugjald samkvæmt 5. gr. samþykktar um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Sveitarfélaginu Hornafirði skal vera sem hér segir:

Stærð rotþróar í lítrum	Þjónustugjald kr.
< 3.500	8.800
3.500 – 5.500	13.200
5.500 – 8.000	17.600

Losunargjald fyrir rotþró sem er 8.000 lítrar eða stærri er 17.600 kr. að viðbættum 2.500 kr. fyrir hvern byrjaðan rúmmetra umfram 8.000 lítra.

Ef fleiri en ein húseign nýtir rotþró og um er að ræða íbúðarhúsnæði eða sumarbústaði sérmetna í fasteignamati, skal aldrei innheimta hærra gjald skv. 1. mgr. en kr. 8.800 af hverri húseign.

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 50 metra. Sé vegalengdin meiri er heimilt að krefja eiganda fráveitunnar um álag á þjónustugjaldið sem nemur 4.000 kr.

Ofangreind gjöld miðast við vísitölu í janúar 2008 og skal uppfæra þau einu sinni á ári í fyrsta sinn í janúar 2009.

3. gr.

Gjalddagi og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignagjalda. Gjöld skv. gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt nr. 758/2008 um fráveitur í Sveitarfélaginu Hornafirði, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og var samþykkt af umhverfisnefnd þann 10. janúar 2008, og staðfest af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar 13. mars 2008 til að taka gildi við birtingu.

Hornafirði, 22. desember 2009.

Hjalti Þór Vignisson bæjarstjóri.